

Alþingi
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/163
komudagur 15.11.2011

Reykjavík, 15. nóvember 2011

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi, 7. mál.

Samtök atvinnulífsins, SVP – Samtök verslunar og þjónustu og Landssamband íslenskra útvegsmanna skila sameiginlegri umsögn um þingsályktunartillöguna. Þakkað er fyrir sérstakan frest sem veittur var til að skila umsögn þessari.

Samtökin telja að grunnur að grænu hagkerfi hafi verið lagður hér á landi við upphaf hitaveituvæðingarinnar á fjórða áratug liðinnar aldar. Mjög stór skref hafi verið stigin í olíukreppunni á 7. og 8. áratug aldarinnar þegar stór hluti íbúa landsins fékk aðgang að hitaveitu úr jarðhita. Enn frekari þáttaskil hafi verið mörkuð þegar samstaða náðist um að byggja stjórn fiskveiða á sjálfbærri nýtingu og mið við þróun fiskistofna. Orkulindir landsins eru nýttar með sjálfbærni að leiðarljósi. Eins er mikilvægt að orkufrekur iðnaður hér á landi byggir á endurnýjanlegum orkulindum og Íslendingar leggja þar með sitt af mörkum til að hagkerfi heimsins verði grænna en ella. Undanfarin ár og reyndar áratugi hefur í íslensku atvinnulífi eins og annars staðar átt sér stað vitundarvakning í umhverfismálum. Fyrirtæki leita allra leiða til að draga úr sóun og til að nýta betur aðföng sín, þau sem nýta náttúruauðlindir leggja megináherslu á sjálfbæra nýtingu og sífellt fleiri starfa undir viðurkenndum gæða- og umhverfisstjórnunarkerfum. Þetta leiðir yfirleitt til bættrar afkomu fyrirtækja og til þess að þau taka enn frekari skref á þessu sviði. Til þess að efla og styrkja þessa þróun er nauðsynlegt að stjórnvöld búi fyrirtækjunum samkeppnishæft rekstrarumhverfi þar sem aðstæður eru svipaðar og best gerist í samkeppnislöndunum.

Ef þingsályktunartillögunni er ætlað að ná lengra en til að auka umhverfisvitund í opinberum rekstri er mikilvægt að haft verði samráð við atvinnulífið, byggt á þekkingu sem þar er að finna og reynslu sem er til staðar. Raunverulegt samráð og samvinna er lykilatriði til að ná árangri á þessu sviði en ekki óljós hugmyndafræði þar sem ekki er tekið mið af aðstæðum, samkeppnishæfni og rekstrarskilyrðum atvinnulífsins.

Eins og kunnugt er telja Samtök atvinnulífsins afar mikilvægt að stjórnvöld hvetji til hagvaxtar hér á landi og hafa undanfarin ár lagt fram ítarlegar tillögur þar að lútandi. Síðast birtust fyrir skömmu fjölmargar tillögur í ritinu RJÚFUM KYRRSTÖÐUNA – LEIÐIR TIL BETRI LÍFSKJARA. Lykilþáttur er að fjárfestingar aukist en þær eru nú í algeru lágmarki en erfitt er að sjá fyrir sér hvernig unnt er að snúa þróuninni við meðan íslenska hagkerfið býr við gjaldeyrishöft og alls kyns hindranir í vegi fjárfestingar einkaaðila bæði innlendra og ekki síst erlendra. Í könnun OECD kemur fram að ekkert

ríki leggi eins miklar hindranir í veg erlendra fjárfestingar og Ísland. Þessir þættir hafa ekki síður áhrif á eflingu hins svokallaða græna hagkerfis en þess sem utan við þá skilgreiningu stendur.

Í upphafi þingsályktunartillögunnar eru talin upp 5 atriði sem eru grunnur að stefnumótuninni. Samtökin eru efnislega sammála bókun Illuga Gunnarssonar um svokallaða *variðarreglu* sem fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni á bls. 57 - 58. Þessari reglu hefur þegar verið beitt við stjórnun á nýtingu fiskistofna hér á landi og sömuleiðis við nýtingu orkulinda t.d. jarðhita. Hins vegar getur reglan ekki verið, frekar en þegar er orðið, ráðandi þáttur í efnahags- og atvinnustefnu stjórnvalda enda er þá hætt á að hún breytist í *lömunarreglu* sem felst í því að gera helst ekki neitt.

Samtökin telja að sá sem ber ábyrgð á mengun beri ábyrgð á því að draga úr henni svo sem kostur er og eru því hlynnt svokallaðri mengunarbótareglu. Mikilvægt er hins vegar að hún verði ekki grunnur að skattheimtu og tekjuöflun ríkisins enda missir hún þá marks. Meginmarkmið stjórnvalda hlýtur að vera að hvetja til nýsköpunar og þróunar nýrrar tækni í fyrirtækjunum sjálfum og tryggja að samkeppnisskilyrði hér á landi séu eins og þau best geta orðið.

Samtökin telja það mikinn galla á tillögunni og greinargerðinni að engin tilraun er gerð til að forgangsraða þeim fjölda verkefna sem tillögur eru gerðar um. Einnig virðist nauðsynlegt að meta kostnað og ábata af verkefnunum til þess að geta metið hvar er unnt að gera mest gagn, það hefði enda verið í anda tillögunnar og skýrslu nefndarinnar sem hana samdi.

Hér verður stuttlega fjallað um nokkrar einstakar tillögur nefndarinnar en m.a. sleppt öllu því sem snýr sérstaklega að hinu opinbera:

Samtökin vekja athygli á því að atvinnugreinaflokkun og hagtölugerð Hagstofu Íslands (*tillaga 4*) fer eftir evrópskum og alþjóðlegum reglum og stöðlum. Að öðrum kosti er samanburður á milli landa illfrankvæmanlegur. Skilgreining á grænum atvinnugreinum þarf auk þess að vera mun nákvæmari en fram kemur í tillögunni. Æskilegt er að Ísland fylgi í þessum efnum alþjóðlegri þróun.

Með framfarastuðli (gpi) er lagt til (*tillaga 6*) að reiknaður verði út stuðull sem tekur tillit til ýmiss þess sem miður er talið fara í þjóðfélaginu en sleppt ýmsu sem til betri vegar getur horft. Sá mælikvarði nær heldur ekki utan um hugtakið sem verið er að reyna að lýsa. Þannig hefur til dæmis ævi manna stöðugt verið að lengjast, heilsa fólks að batna, frítími aukist og almennt hafa lífsgæði og lífsfylling fólks á Vesturlöndum aukist hröðum skrefum á síðustu áratugum. Ef ekki er gerð grein fyrir þessum atriðum er vandséð að hinn svokallaði framfarastuðull leysi þann vanda sem tillagan telur vera uppi.

Í tillögunni koma fram hugmyndir um nýja sjóði (*tillögur 18, 19, 28 og 40*). Samtökin leggja eindregið gegn fjölgun sjóða og benda í því sambandi á fjölmargar tillögur Vísinda- og tækniráðs um einföldun sjóðakerfis og samræmingu úthlutunarreglna. Vilji stjórnvöld leggja aukna áherslu á verkefni sem tengst geta umhverfismálum og sjálfbærri þróun er unnt í úthlutunarreglum sjóðanna og við mat á umsóknum að leggja sérstaka vigt við slík verkefni.

Þrátt fyrir ítrekaðar óskir hafa stjórnvöld enn ekki viljað leggja fram kostnaðar- og ábatagreiningu með lagafrumvörpum né reglugerðum. Tillaga sú sem hér er til umfjöllunar er dæmi þar um. Þess vegna er mikilvægt að mótuð verði almenn stefna um þessa þætta sem m.a. getur þá tekið á þeim þáttum sem um er fjallað í þingsályktunartillögunni (*tillaga 7*).

Í þingsályktunartillögunni koma fram ábendingar um opinberan stuðning við tilteknar vörur og framleiðslu (*tillögur 12, 29, 30, 31, 34, 36, 42, 43, 44*). Mikilvægt er að kannað verði hvort þessar hugmyndir um niðurgreiðslur, millifærslur og ríkisstuðning standist samkeppnisreglur og ríkisstyrkjareglur evrópska efnahagssvæðisins. Millifærslurnar eru einungis til þess fallnar að auka kostnað í atvinnulífinu og draga úr hagkvæmni þess. Eðlilegast er að fyrirtækin sjálf beri nauðsynlegan tæknikostnað, í stað þess að stofnað sé til millifærslukerfis sem hið opinbera handstýrir.

Samtökin leggjast gegn hækkun gjalda og nýjum gjöldum sem skekkja samkeppnisstöðu atvinnugreina (*tillögur 29 og 43*). Hugmyndir um að útfæra nýja tekjustofna í anda NO_x - og SO_x - skatta er varhugaverð, dregur úr hagkvæmni atvinnulífsins og skekkir samkeppnisstöðu þess. Umhverfislegur ávinningur yrði einnig lítil m.a. með hliðsjón af efnasamsetningu jarðvegs og fleiri þátta.

Samtökin eru ósammála því mati að reglur um grænt bókhald hafi ekki skilað árangri (*tillaga 32*). Þvert á móti hafa fyrirtæki skilað inn endurskoðuðum upplýsingum sem gagnast til að meta umhverfisáhrif þeirrar starfsemi sem undir reglurnar falla. Fyrirtækin uppfylla sambærilegar kröfur og gerðar eru á evrópska efnahagssvæðinu og standa sig í mörgum tilvikum betur en samkeppnisaðilar þeirra í Evrópu.

Samtökin hafa miklar efasemdir um eflingu lífræns landbúnaðar (*tillögur 33, 34 og 35*) á öðrum forsendum en á markaði þar sem framboð og eftirspurn ræður ríkjum. Þar sem framleiðslan krefst aukins landrýmis umfram hefðbundnar aðferðir, afköst verða minni er umhverfislegur ávinningur í besta falli óviss. Kostnaður verður einnig mun hærri en með venjubundnum aðferðum og leiðir til aukinnar kostnaðarþátttöku hins opinbera og mun herra verðs til neytenda. Ekki hefur tekist að sýna fram á að afurðir sem framleiddar eru með svokölluðum lífrænum aðferðum séu bragðbetri, heilnæmari eða hafi aðra samsetningu en hefðbundnar afurðir. Auk þess mun þessi aðferðafræði ekki verða til að auka fæðuframboð og matvælaöryggi í heiminum.

Íslenskur sjávarútvegur er græn atvinnugrein hvað sem líður svokallaðri BLS - skilgreiningu. Það er markmið fyrirtækja í sjávarútvegi að nýta orku sem best, fara vel með auðlindir og umhverfið og gæta þannig að hámarksafrakstri greinarinnar og fiskistofnanna til langs tíma. Oliunotkun fiskiskipa við veiðar er mjög breytileg og hafa verður í huga að það þarf að nota ólík veiðarfæri, veiðar eru stundaðar á margvíslegum hafsvæðum, við öll veðurskilyrði á ólíkum árstíðum o.s.frv. Sú einföldun sem gerð er í tillögunni gefur á engan hátt rétta mynd af oliunotkun fiskiskipa (*tillaga 36*). Sama á við um hugmyndir um að nota vetni eða lífdísil á fiskiskip. Vetni er óraunhæfur kostur sem orkugjafi á fiskiskip og verður það í náinni framtíð. Tilraunir með lífdísil hafa ekki gengið eftir sem skyldi og það er ekki hagkvæmur orkugjafi. Hugmyndirnar eru enn á tilraunastigi og óraunhæft að ætla íslenskum fiskiskipum að skipta um orkugjafa á næstu árum.

Það gilda strangar reglur um mengun frá skipum (*tillaga 37*) og engin ástæða til að herða þær nú. Efnahagslögsagan er sérstök mengunarlögsaga, en með tillögunni er lagt til að fara að fordæmi ESB með því að taka upp sérstakt ECA svæði. Einungis fá íslensk skip nota svartolíu um þessar mundir en tillagan getur haft áhrif á möguleika til að þjónusta þau erlendu skip sem sigla í gegnum íslenska lögsögu. Við smíði nýrra skipa er orkunýtni lykilþáttur og ný íslensk skip eru hönnuð með orkusparnað í huga, sbr. hugmyndafræði EEDI. Bent er á að grundvallarmunur er á kaupskipum og fiskiskipum. Kaupskip eru hönnuð til að sigla á beinni leið á jöfnum hraða. Fiskiskip verða að geta siglt og veitt og þarfnast því meiri orku og sveigjanleika en gildir um kaupskip. Það að taka upp EEDI sem byggir á hönnun kaupskipa, sem skyldu fyrir öll skip, getur dregið úr hagkvæmni við útgerð fiskiskipa og aukið kostnað við veiðar og er því alls ekki raunhæft. Alltaf er leitast við að gera fiskiskipin eins orkugrönn


og kostur er. Á norðurslóðum er nauðsynlegt að geta gripið til aukins afls, t.d. þegar siglt er í erfiðu sjólagi eða gegnum hafiskrapa. Ef ekki er hugsað fyrir því er verið að setja mannlíf í hættu.

Að lokum telja samtökin mikilvægt að íslenskt atvinnulíf vinni áfram að úrbótum í umhverfismálum á víðum grunni. Til þess að það geti gerst verður atvinnulífið að búa við stöðugt og samkeppnishæft starfsumhverfi þar sem stjórnvöld leggja áherslu á frjáls viðskipti án gjaldeyrishafta. Það er auðveldasta og öruggasta leiðin til að efla græna hagkerfið hér á landi.

Virðingarfyllst,



f.h. Samtaka atvinnulífsins



f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna